RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gauti Árnason
Kt. 0608733649
Dags. 19.11.2026 15:15:05 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Anton Kári Halldórsson
Kt. 0305833539
Dags. 19.11.2026 15:15:27 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Eyþór Harðarson
Kt. 1106633079
Dags. 19.11.2026 15:22:18 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinn Hreiðar Jensson
Kt. 0809824459
Dags. 19.11.2026 17:53:32 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
María Rún Þorsteinsdóttir
Kt. 2501852869
Dags. 20.11.2026 10:53:45 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Haraldur Þór Jónsson
Kt. 2705765089
Dags. 20.11.2026 15:15:49 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Matthías Bjarnason
Kt. 0905003330
Dags. 20.11.2026 15:16:09 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinn Ægir Birgisson
Kt. 1202983059
Dags. 20.11.2026 15:17:18 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir
Kt. 2804923299
Dags. 23.11.2026 11:26:17 UTC+0:00
Ástæða: Undirritun

641. fundur stjórnar SASS
Haldinn á Teams
13. nóvember 2026, kl. 08:30

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir varaformaður, Gauti Árnason, Sveinn Hreiðar Jensson, Haraldur Þór Jónsson, Sveinn Ægir Birgisson, Matthías Bjarnason, María Rún Þorsteinsdóttir og Eyþór Harðarson.

Anton Kári Halldórsson formaður stjórnar ritar fundargerð

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Erindi frá Íslandsnefnd hnattrænna UNESCO jarðvanga

Þuríður Aradóttir Braun f.h. Íslandsnefndar hnattrænna UNESCO jarðvanga óskar eftir því að SASS tilnefni fulltrúa til setu í nefndinni.

Ákveðið hefur verið að breyta fyrirkomulagi tilnefninga þannig að í stað eins fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eigi landshlutasamtök þeirra svæða þar sem UNESCO jarðvangarnir starfa hvort sinn fulltrúa í nefndinni. Með breytingunni er leitast við að styrkja tengsl nefndarinnar við sveitarfélögin á starfssvæðum jarðvanganna og tryggja beina aðkomu landshlutanna að samstarfinu.

Stjórn samþykkir að fulltrúi SASS í nefndina verði Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri.

2. Sorpstöð Suðurlands

Lögð var fram til kynningar framvinduskýrsla verkefnastjóra SOS fyrir október 2026.

Stjórn ræddi málefni SOS á breiðum grunni m.a. hvað varðar eignarhald á Orkugerðinni og framtíðarmöguleika og tilgang SOS.

Stjórn staðfestir að fulltrúar í SASS sem skipa stjórn SOS eru Sveinn Ægir Birgisson, formaður, Anton Kári Halldórsson og Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir.

3. Samantekt fundar stjórnar með fjármálaráðherra

Hluti stjórnar SASS átti fund með fjármálaráðherra þann 10. nóvember. Umræðuefni fundarins voru aðallega fyrirhugað náttúru- og innviðagjald, hækkun vsk á baðlón ásamt fleiri

íþyngjandi álögum sem leggjast hvað þyngst á landsbyggðina og hefur verið harkalega mótmælt af hálfu sveitarfélaga og atvinnulífs á Suðurlandi. Á fundinum átti sér stað ágætt millliliðalaust samtal sem þó óvíst er hverju skilar.

Eftir fund með ráðherra var haldinn fundur í Smiðju Alþingis með hluta af þingmönnum kjördæmisins um þau sömu málefni og voru rædd við ráðherra.

Stjórn ræðir það helsta sem kom fram á fundum með fjármálaráðherra og hluta af þingmönnum suðurkjördæmis.

4. Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um heimavist fyrir Fsu – 12. mál á 158. löggjafaþingi

Lögð fram umsögn stjórnar SASS um tillögu til þingsályktunar um heimavist við Fsu. Mikilvægi heimavistar við Fsu ásamt mögulegum útfærslum að fyrirkomulagi og undirbúningi hennar voru ræddar.

Stjórn SASS samþykkir fyrirliggjandi umsögn og felur formanni að koma henni til skila.

5. Önnur mál

a. Formaður greinir frá fundi sínum með fjárlaganefnd.

Formaður kom fyrir fjárlaganefnd Alþingis þann 11. nóvember ásamt formönnum og framkvæmdastjórum þriggja annarra landshlutasamtaka. Formaður lagði áherslu á þau helstu mál sem stjórn SASS lagði áherslu á með ályktunum ársþings SASS ásamt því að ræða önnur mikilvægt mál sem snerta stöðu landshlutasamtaka, þá aðallega fyrirhugaðan niðurskurð fjárframlaga til sóknaráætlanna landshlutanna.

Formaður lagði einnig mikla áherslu á að áframhaldandi fjármögnun ART verkefnisins yrði tryggð.

Lagt fram til kynningar

b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands – Beiðni um tilnefningu fulltrúa SASS

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands mun hætta starfsemi í núverandi mynd um áramót. Heilbrigðisnefnd Suðurlands er umhugað um að hægt sé að ganga frá sem flestum óvissuþáttum varðandi yfirfærslu verkefna til ríkisins áður en nefndin líkur störfum. Að mati nefndarinnar þarf sú vinna að vera unnin í fullu samráði við sveitarfélögin á Suðurlandi.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands óskar eftir því að SASS tilnefni þrjá fulltrúa úr stjórn til að funda með fulltrúum nefndarinnar.

Stjórn samþykkir að fulltrúar SASS verði Anton Kári Halldórsson, Sveinn Ægir Birgisson og Haraldur Þór Jónsson.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:45

Næsti fundur stjórnar verður 4. desember 2026 á skrifstofu SASS, Selfossi.